

2012

Ársskýrsla Vesturlandsskóga



Vesturlandsskógar

Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2012.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Fjárveitingar	2
Stjórn Vesturlandsskóga	2
Samningar við bændur	2
Helstu framkvæmdir	2
Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt	2
Kortlagning og áætlanagerð	3
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur.....	3
Heimasíða Vesturlandsskóga	5

Viðauki I :

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2012

Viðauki II:

Ársreikningur Vesturlandsskóga 2012



Stjórn og framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga ásamt Skúla Alexanderssyni fv. formanni Vesturlandsskóga og Lýdíu Rafnsdóttur formanni Skógræktar- og landverndarfélags undir Jökli

Inngangur.

Árið 2012 var þrettánda starfsár Vesturlandsskóga. Fastir starfsmenn voru: Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson. Sá Guðmundur m.a. um úttektir á nýjum gróðursetningum, skipulagningu á skjólbeltum færði sjóðsbók og sá um heimasíðu. Fyrsta september fór Guðmundur í 49 % starf hjá Vesturlandsskógum. Hraundís Guðmundsdóttir skógfræðinemi vann hjá Vesturlandsskógum í júní og ágúst hennar verkefni var aðallega úttekt á grisjunnarþörf skóga og úttektir á nýjum gróðursetningum.

Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu 2012 námu 50,4 milljónum króna miðað við 50,5 milljónir króna á árinu 2011.

Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt þrjá fundi á árinu 2012. Stjórnina skipuðu Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; Arnlín Óladóttir, tilnefnd af Skógrækt ríkisins og Þórarinn Svavarsson, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

Samningar við bændur.

Árið 2012 voru gerðir tveir nýir skógræktarsamningar annar við Guðmund Guðmundsson Skógarkoti í Borgarbyggð, 36 ha, og hinn viðbótarsamningur við Stefán Teitsson Hafnarseli í Hvalfjarðarsveit 45 ha.

Helstu framkvæmdir.

Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt.

Á árinu 2012 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga liðlega 331 þúsund plöntur á 56 jörðum. Þetta er svipað og árið 2011 en þá voru gróðursettar um 324 þúsund plöntur á 62 jörðum.


Lagðir voru 9 km af skjólbeltaplasi þetta árið með 9049 stíkingum og plöntum.

Plöntur voru keyptar af eftirtöldum framleiðendum: Furubrún, Árbakka, Lágafelli, Dilksnesi, Sólskógum og Barra.

Dreifingarstöðvar fyrir skógarplöntur voru í Reit Kleppjárnsreykjum, Lágafelli á Snæfellsnesi, Erpsstöðum, í Dölum og Hafnarseli í Hvalfjarðarsveit.



Gróðursettar plöntur 2012	Fjöldi	%
Ilmbjörk	24088	7,3
Stafafura	143580	43,3
Sitkagreni	78299	23,6
Alaskaösp	12850	3,9
Ilmreynir og fl reynitegundir	1335	0,4
Rússalerki	61520	18,5
Lindifura	9920	3,0
Garðahlynur	125	0,0
Selja	245	0,1
Samtals	331962	100,0



Mynd 1 Hlutfall gróðursettra tegunda 2012.

Kortlagning og áætlanagerð.

Ein áætlun var unnin á árinu fyrir Vesturlandsskóga, Arnlín Óladóttir skógfræðingur vann áætlun fyrir Bálkastaði í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur.

Framkvæmdastjóri sótti fund framkvæmdastjóra á Ísafirði daganna 20 og 21 febrúar. Sigvaldi og Guðmundur sóttu fagráðstefnu skógargeirans sem var að þessu sinni haldin á Húsavík á vegum Norðurlandsskóga daganna 27-29 mars. Samstarfsaðilar Norðurlandsskóga voru Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Eyfirðinga, Landbúnaðarháskóli Íslands og Landssamtök skógareigenda. Þema ráðstefnunnar var tegunda- og kvæmaval í íslenskri skógrækt. Í maí tók Sigvaldi á móti norskum skógarbændum sem voru á ferð um Vesturland og fór með þá m.a. í Skorradal og í Reykholt.

Starfsmenn og stjórn Vesturlandsskóga fóru í september um Snæfellsnes þar voru skógarbændur heimsóttir. Tilgangur ferðarinnar var að kynna stjórnarmönnum starfsemi Vesturlandsskóga. Guðmundur sótti aðalfund Landsambands skógareigenda sem haldinn var á Ísafirði 5.-6. október.

Sigvaldi sótti alþjóðlegaráðstefnu um lerki, Larix 2012, sem haldinn var á Egilsstöðum 11.-14. september. Sigvaldi, Guðmundur og Hraundís sóttu ráðstefnu um fræ til skógræktar sem haldin var á Hótel Ör 6. nóvember. Þann 12. nóvember heimsóttir Svandís Svavarsdóttir Umhverfis- og auðlindaráðherra Vesturlandsskóga. Heimsóknin hófst með fundi ráðherra ásamt stjórn og starfsmönnum Vesturlandsskóga einnig sat formaður Félags skógarbænda á Vesturlandi fundinn og héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Vestfjörðum og Vesturlandi. Eftir fundinn var farið í heimsókn að Steindórsstöðum þar sem skógræktin var skoðuð og að því loknu var boðið í kaffi hjá hjónunum á Steindórsstöðum þeim Þórarni og Guðfinnu.



Svandís Svavarsdóttir í heimsókn að Steindórsstöðum.

Nemendur, sem hófu nám í Grænni skógum 2, vorið 2010, útskrifuðust frá Reykjum 16.júní 2012. Þetta var í fyrsta skiptið, sem skógarbændur af Vesturlandi útskrifast úr Grænni skógum 2. Alls útskrifuðust fjórir af Vesturlandi að þessu sinni. Námskeið er í gangi með Grænni skógum 1 og eru þau á öðru ári. Báðir hóparnir eru bæði frá Suður- og Vesturlandsskógum. Námskeiðin voru ýmist haldin á Hvanneyri eða á Reykjum. Námskeiðin eru á vegum endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands. Umsjónarmaður námskeiðanna er Björgvin Örn Eggertsson hjá LbhÍ Tengiliður við Vesturlandsskóga er Guðmundur Sigurðsson.



Útskriftarhópur Grænni skóga 2, 16. Júní 2012

Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Guðmundur Sigurðsson sér um hana. Er fólk hvatt til að kynna sér heimasíðuna. Þar er m.a. ársskýrslurnar að finna og auðvelt að komast þaðan á aðrar forvitnilegar skógarlóðir. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is> (frá 2013 <http://skogarbondi.is>)



Rússalerki í mel hjá Ragnari Sigurðssyni á Kirkjubóli í Hvítársíðu

Viðauki I. Fundargerðir stjórnar Vesturlandsskóga.

48.stjórnarfundur Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyrargötu 3, 24. apríl 2012.

Mættir : Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Arnlín Óladóttir. Starfsmenn Vesturlandsskóga Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.
Fundurinn hófst kl. 14.10.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Fjárhagsafkoma síðasta árs. Sigvaldi gerði grein fyrir stöðu ársins 2011. Ca 500 þúsund kr. er afgangur síðasta árs miða við fjárveitingar ríkisins 2011. Alls eru um 9 milljónir sem er afgangur frá fyrri árum sem nýtast árið 2012. Af þeim verða um 4 milljónir króna gjaldfærðar í desember 2011, sem kaup á plöntum, skv. ábendingu frá ráðuneytinu. Rekstraráætlun fyrir árið 2012 var lögð fram þar er gert ráð fyrir framlagi frá ríki uppá 50.4 milljónir kr. Framkvæmdafé eru áætlaðar kr. 30.9 milj. Kr. árið 2012
3. Samþykkt var að ráða Arnlíni til að gera tvær til fjórar ræktunaráætlanir fyrir nýjar skógarjarðir. Arnlín var ekki viðstödd, þegar þessi samþykkt var gerð.
4. Hugmyndir eru um, að ræktunaráætlanir verði sendar til Skógræktar ríkisins til umsagnar (og jafnvel til eins annars landshlutaverkefnis) til að tryggja vissa samræmingu. Þetta var rætt á fundi framkvæmdastjóra LHV á Ísafirði í byrjun vikunnar. Samþykkt var að Sigvaldi vinni að málinu í samstarfi önnur landshlutaverkefni.
5. Endurnýjun loforðs um 4 milljóna króna framlags til girðingar á Skógarströnd. Samþykkt að endurnýja loforðið.
6. Styrkumsókn Lilju Magnúsdóttur sem er að vinna að masterverkefni hjá Lbhí. Samþykkt var að styrkja hana um 100 þúsund kr.
7. Ráðning sumarstarfsmanns. Sigvalda falið að ráða stafsmann í sumar. Lögð verði áhersla á að aðstoða þá sem eru að hefja gróðursetningu í fyrsta sinn.
8. Þátttaka í útsetningu kvæmatilraunar með stafafuru. Samstarf LHV og Mógilsár. Samþykkt var að vinna að málinu og Sigvalda falið það.
9. Guðmundur Sigurðsson hefur ákveðið að fara í 49% starf frá og með 1. september.
10. Ársskýrsla 2009-2010 er sem næst tilbúin. Samþykkt var að koma ársskýrslu 2011 út með þeim, ef það næst fyrir lok mars.
11. Þórarinn og Guðbrandur, ásamt Sigvalda og Guðmundi ætla að mæta á fagraðstefnuna á Húsavík og sér Sigvaldi um að bóka menn.
12. Samþykkt að stinga saman nefjum um lífeyrissjóðina og skógrækt á Húsavík. Þar verði framkvæmdastjórnir og stjórnir LHV. Finna, hverja ætti helst að tala við af hálfu lífeyrissjóðanna í framhaldinu. Láta frkv.stj. vita af þessum fyrirhugaða fundi.
13. Guðbrandur ætlar að ræða við Harald Benediktsson um, hvort hann yrði því velviljaður, ef leitað yrði eftir því, að vörsluskylda yrði sett ofan þjóðvegjar við Akrafjall.
14. Grisjunarátaksverkefni kynnt.
15. Samþykkt, að taxtar verði óbreyttir milli 2011 og 2012.
16. Önnur mál voru engi og fundi slitið.

Guðmundur Sigurðsson fundarritari

49. stjórnarfundur Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyrargötu 3, 10. júlí 2012

Mættir : Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Arnlín Óladóttir, Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri sem jafnframt skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
2. Samþykkt að taka tillit til umsaminnar landstærðar við úthlutun plantna, þó þannig að frkv.stj. útfæri **nánari** tillögur um tilhögun/reglur.
3. Vesturlandsskógar hafa séð um leit að og úttekt á hugsanlegum grisjunarreitum. Kannski verður verkefnið síðar á annarra hendi. Talað um séstakan verkefnastjóra á landsmælihverða. Aðkoma LSE, Nýsköpunarmiðstöðvar og Atvinnuþryggingarsjóðs. Rætt um að ekki verði eingöngu hægt að byggja á vinnu atvinnuleysingja. Byggjast þurfi upp hópur atvinnumanna í grisjun.
4. Spjör og Hrafnhólum verði boðin samningur á þessu ári og gerð áætlun á næsta ári.
5. Sumarferð um Snæfellsnes með gistingu á Hótel Hellissandi. Með í för : Starfsmenn Vesturlandsskóga, stjórn Vesturlandsskóga og stjórn FsV . Stefnum á þriðjudaginn 2. September.
6. Stjórnin þakkar fyrir ársskýrsluuna 2009-2011.
7. Samþykkt var fyrirliggjandi uppkast að sterfslokasamningi, sem Sigvaldi sendi stjórnarmönnum og veitir honum heimild til að ganga frá samningi á þeim grundvelli.
8. Útboð á öllum plöntum í haust nema runnum, sem samið verði um við Gróðrarstöðina Þöll. Í öllum tilvikum verði kveðið á um sjúkdómavarnir. Athuga með RGC próf (í apríl) og samið um að hluti plantnanna verði frystar.
9. Samþykkt að Vesturlandsaskógar leggi kr. 100.000 í kostnað við rútu í sumarferð skógarbænda.
10. Samþykkt að frv.stj. fái að fara á bíl Vesturlandsskóga austur á Hallormsstað og Vesturlandsskógar greiði ferðakostnað (bílinn) og ráðstefnugjald vegna þátttöku frkv.stjóra í alþjóðlegri lerkiráðstefnu á Hallormsstað 10. september og í framhaldi af því fræsöfnun í Hallormsstaðaskógi við annan mann.
11. Haft verði samband við Brunavarnir í Borgarbyggð til að byrja með, en síðar annarsstaðar í landshlutanum með vegna brunavarna á skógræktarsvæðum. Hver bóndi fengi í framhaldinu eina klöppu frá verkefninu, ef hann kaupir a.m.k. eina sjálfur. Reynt verði að fá klöppurnar framleiddar á Íslandi (ræða við Bjarna Þorsteinsson, sklökkvistjóra í Borgarbyggð).
12. Önnur mál. Athuga við lífeyrissjóðina, Framtakssjóð Íslands um fjárfestingu í skógrækt. Athuga hvað danskir lífeyrissjóðir eu að gera í þessu.

Gert á Hvanneyri 10. og 12. júlí 2012, Sigvaldi Ásgeirsson.

50.stjórnarfundur Vesturlandsskóga haldinn að Hvanneyrargötu 3, 12. nóvember.2012.

Mættir : Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, stjórnarmennirnir Þórarinn Svavarsson og Arnlín Óladóttir. Starfsmenn Vesturlandsskóga Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn hófst kl. 9.50.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt. Undir þessum lið gerði Sigvaldi grein fyrir lerkiráðstefnu sem hann sótti og haldin var á Egilsstöðum, einnig sagði hann frá fræsöfnun í sömu ferð. Þá var rætt um brunavarnir í framhaldi af síðasta fundi.
2. Sigvaldi kynnti samskipti sín við forstöðumann Vorlendisseturs vegna gróðursetningar á landi Skógarkots, sem er úr Grjóteyrarlandi en það land tilheyrir því landi Vorlendissetur Íslands nær yfir. Samkvæmt reglum Votlendisseturs er gert ráð fyrir að einungis verði góðursettar íslenskar tegundir. Samþykkt var að bíða með frekari vinnu við svæðið.
3. Útboð ríkisins á plöntum fyrir Vesturlandsskóga. Vesturlandsskógar óska eftir 269.500 plöntum á ári til þriggja ára.
4. Umhverfis- og auðlindarráðherra heimsótti Vesturlandsskóga í gær og var m.a. farið í skoðunarferð til skógarbænda í Reykholtssdal. Almenánægja stjórnarmannavar með heimsóknina.
5. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um gróðursetningu fyrir yfirstandandi ár, vinna við framkvæmdaskráningu stendur yfir.
6. Geir Gunnar Geirsson, f.h. Stjórnugríss hf, hefur óskað eftir styrk til skjólbeltaberðará jörðinni Melum í Melasveit, um er að ræða skjólbeltarækt á um 200 ha lands. Alls um 25 km. asparbelti um að ræða miða við einfalda röð. Samþykkt að Vesturlandsskógar styrktu 5 km af beltum á ári.
7. Sigvaldi lagði til að skipt yrði um bíl Vesturlandsskóga og fenginn annar sem væri hagkvæmari í rekstri. Sigvalda falið að vinna að málinu.
8. Önnur mál voru engin og fundi slitið kl. 11.55.

Guðmundur Sigurðsson fundarritari.

Viðauki II

Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2012.

Lykilstærðir ársreiknings eru:

	Reikningur 2012	Reikningur 2011	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals	147.546	4.591	
Gjöld samtals	54.017.106	54.742.737	50.400.000
Framlag úr ríkissjóði	50.400.000	51.200.000	50.400.000
Hagnaður /tap ársins	-3.469.560	-3.538.146	
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals	19.479.793	10.092.888	
Skuldir samtals	18.199.622	5.343.157	
Höfuðstóll í árslok	1.280.171	4.749.731	
Greiðslustaða við ríkissjóð	139.384	131.792	